

Þróunarverkefni
2017-2019

Við skulum vera saman það er svo gaman



Leikskólinn Rauðaborg
Viðarási 9
110 Reykjavík

Ásta Birna Stefánsdóttir
Hulda Björk Valgarðsdóttir
Margrét S. Gunnarsdóttir
Unnur Hermannsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið með handbókinni:.....	4
Málþroski – mál og læsi.....	4
Börn með sérstakar þarfir á sviði tals, máls og samskipta	6
Málfundir og Stig af stigi	6
Lubbi.....	7
Markviss málörvun	8
Ritmál	9
Samverustundir - læsisverkefni.....	10
Sögugrunnur.....	11
Samverustundamappan	11
Spjaldtölvur	12
Tákn með tali.....	12
Útinám.....	13
Valstund og endurmat.....	14
Spil	14
Flokkun á spilunum okkar	15
Niðurstöður	17
Lokaorð.....	18
Fylgiskjal 1 – Samverustundamappa - efnisyfirlit.....	19
Fylgiskjal 2 - Lundurinn okkar	20
Heimildaskrá.....	21

Inngangur

Upphafið að þessu verkefni var að ráðgjafar Miðju máls og læsis komu í heimsókn að kynna sér starfið í Rauðaborg. Í kjölfarið fengum við hvatningu frá þeim að koma þessum verkefnum og upplýsingum á einn stað. Þannig yrði þetta aðgengilegt fyrir aðra sem og starfsmenn Rauðaborgar. Úr varð að við sóttum um styrk í þróunarsjóð skóla- og frístundaráðs sem við fengum.

Frá stofnun Rauðaborgar árið 1994 hefur alltaf verið lögð áhersla á að vinna með málörvun og íslenskt mál. Árið 1997 tókum við þátt í þróunar- og rannsóknarverkefni með Selásskóla, og leikskólanum Heiðarborg. Þetta verkefni „*Samstarfsverkefni leikskóla og grunnskóla. Markviss málörvun, samskipti og skólabyrjun*“ var hluti af doktorsritgerð Guðrúnar Bjarnadóttur talmeinafræðings og sálfræðings. Þetta verkefni var byggt á samstarfi leikskólanna Heiðarborgar og Rauðaborgar við Selásskóla til að auðvelda börnunum að hefja sína grunnskólagöngu. Unnið var með verkefni úr námsefninu *Markviss málörvun*, þjálfun hljóðkerfisvitundar á lokaári leikskólabarnanna. Upplýsingar um stöðu leikskólabarnanna fóru í grunnskólann við upphaf skólagöngunnar til að hægt yrði að miða kennslu þar betur við getu hvers og eins.

Hljóðgreiningakunnátta elstu barna leikskólans var metin í byrjun skólaárs ásamt fleiri þáttum tengdum málþroska og lestri. Yfir skólaárið fengu börnin 20 mínútna stundir 3x í viku í markvissri málörvun. Í öðrum leikskólanum fengu börnin getuskipt verkefni en í hinum skólanum fengu allir samskonar verkefni, óháð getu. Kunnátta barnanna var svo aftur metin að vori. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að börnin sem fengu verkefni við hæfi, sýndu meiri framfarir og þroska. Bæði starfsfólk og börn voru áhugasamari og glaðari með verkefnin og því var ákveðið að næsta skólaár ynnu báðir skólarnir með getuskipt verkefni. Hjá hinum skólanum, sem áður hafði lagt samskonar verkefni fyrir öll börnin, jókst geta og þroski barnanna til muna og meiri starfsánægja var hjá kennurunum. Eins og fram kemur í skýrslunni er fullyrt að þessi vinna hafi skilað góðum árangri og auðveldað upplýsingaflæði milli skólanna og að nemendurnir séu betur undirbúnir og óhræddari við að takast á við námið í grunnskólanum. Fyrst eftir að verkefninu lauk héldum við í leikskólanum Rauðaborg áfram að skima börnin skv. prófinu sem lagt var fyrir í þróunarverkefninu og þegar Hljóm-2 kom út var það kærkomið verkfæri fyrir okkur. Við prófum öll elstu börnin að hausti, leggjum fyrir þau getuskipt verkefni yfir veturinn og prófum svo öll börnin aftur að vori til að meta framfarir. Niðurstöður úr þessum skimunum fylgja með börnunum í grunnskólann.

Í árána rás hafa ýmis önnur málörvandi verkefni verið tekin í notkun hjá okkur í Rauðaborg sem hafa fest sig í sessi. Helst má nefna málfundir, þar sem rædd eru málefni líðandi dags og það helsta sem er að gerast í lífi barnanna þá dagana, Stig af stigi, Sögugrunnur og áfram mætti telja. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að kenna börnunum vísur, þulur og rím. Einnig er mikil áhersla lögð á að starfsfólk eigi samtöl við öll börn óháð aldri, þar sem virk hlustun er í hávegum höfð. Nýjar rannsóknir benda til að fjöldi samtalslota (fimm eða fleiri) í samskiptum skipti máli fyrir þroska heilans og því erum við ánægðar með þessa áherslu í okkar starfi.

Þegar nýir starfsmenn hefja störf í Rauðaborg fá þeir fræðslu um starfsaðferðir leikskólans og er sú fræðsla í höndum deildarstjóra og leikskólastjóra.

Markmið með handbókinni:

Efla hljóðkerfisvitund, orðaforða og frásagnir með því að vera með virka íhlutun í leik og námi barna Rauðaborgar.

Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 segir *“Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.”* bls. 42.

Rauði þráðurinn í starfi Rauðaborgar hefur alltaf verið að vinna með þessa þætti. Við teljum að þetta sé undirstaða alls náms og samskipta, sem er hluti af því að vera þátttakandi í samfélagi manna. Góð færni í almennum málþroska styrkir okkur sem einstaklinga, eykur hæfileikann að geta tjáð okkur og er grunnur að almennri vellíðan og hæfni í öllum samskiptum. Það auðveldar okkur að takast á við lífið og þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir hverju sinni.

Fara yfir námsefni leikskólans, flokka það eftir mismunandi málþáttum málþroskans og gera það aðgengilegt sem efnivið í virkri íhlutun í bernskulæsi.

Í gegnum árin höfum við safnað að okkur fjölbreyttu námsefni sem stuðla að auknum málþroska og má þar m.a. nefna *Markviss málörvun, Stig af stigi, Sögugrunnurinn*, bækur, spil, söngvar/vísur/pulur. Nú er komið að því að flokka þetta námsefni niður og tengja það málþáttunum sem fram koma í *“Lesið í leik – læsisstefnu leikskóla”*. Með því er verið að gera námsefnið aðgengilegra öllu starfsfólki leikskólans og einnig að gera það meðvitaðra um fræðilegan tilgang þess.

Gera vinnuna sýnilega og aðgengilega fyrir aðra sem hug hafa á að vinna með bernskulæsi.

Eins og fram kom í inngangi hefur alltaf verið unnið sérstaklega með almennan málþroska í Rauðaborg. Það hefur ávallt verið leitast við að vinna með litla málörvunarhópa með börnum sem þess þurfa, sem og með börnum af erlendum uppruna. Við getum verið mjög stoltar af því góða starfi sem hefur áunnist og nú er komið að þeim tímapunkti að gera starfið sýnilegra.

Málþroski – mál og læsi


Í *Lesið í leik – læsisstefnu leikskóla* segir m.a.:

“Ýmislegt bendir til þess að sá munur sem mælist á málþroska barna við skólaskil breytist lítið þegar lengra er komið í námi ef ekki er brugðist við á markvissan hátt strax í leikskóla. Leikskólinn er því í lykilstöðu til þess að finna og styðja sérstaklega við þau börn sem ljóst er að þurfa á stuðningi að halda frá upphafi til þess að það dragist ekki aftur úr í málþroska og læsi. Með markvissri vinnu þar sem lögð er áhersla á að efla mál og læsi allra barna stuðlar leikskólinn að því að jafna tækifæri þeirra til að ná árangri í námi og lífinu öllu.” bls. 4-5

Má segja að þetta sé leiðarstefið í þessu þróunarverkefni. Við teljum að með því að vinna markvisst með hljóðkerfisvitundina, orðaforða og frásagnir með virkri íhlutun í leik og námi barna séum við að efla mál og læsi (bernskulæsi).

Sú hugmynd að flokka námsefni leikskólans niður eftir málþáttunum ætti að styrkja kennara og starfsmenn í því að vinna markvisst út frá getu barna, þannig að þau fái það besta út úr leikskólaárunum.

Áætlað er að setja þessa þróunarvinnu skipulega niður, þ.e. hvað er gert og hvernig, hvaða námsefni tilheyrir hverjum málþætti og hvernig er unnið með virka íhlutun. Við teljum að þar með séum við búin að gera góða handbók fyrir okkur í Rauðaborg sem og aðra leikskóla til að nýta sér í sinni vinnu með börnum.



Hljóðfræði – hrynjandi (lengd hljóða, áherslur, taktur) og framburður (myndunarstaður hljóða, hljóðungar/hljóð).

Rauðaborg – vísur og þulur, málfundir, Sögugrunnur, Lubbi, Markviss málörvun, spjaldtölvur.

Setningarfræði – reglur um orðaröð, aðalsetningar, aukasetningar, aðaltengingar, aukatengingar, spurnarsetningar og alhæfingar.

Rauðaborg – Markviss málörvun, Sögugrunnur, spil.

Málfræði (orðmyndunarfræði) – orðflokkar og samspil þeirra, alhæfingar á málfræðireglum.

Rauðaborg – Markviss málörvun, Sögugrunnur.

Orðaforði (merkingarfræði) – þekking á merkingu felur í sér að orð tákna ákveðnar hugmyndir eða hugtök. Orð eru hugtök sem er raðað í ákveðið kerfi.

Rauðaborg – Markviss málörvun, tákn með tali, Stig af stigi, Lubbi, Sögugrunnur, spil, málfundir, samverustundir, vísur og þulur, spjaldtölvur, læsisverkefni, útinám.

Málnotkun – tjá daglegar þarfir, þekkja reglur um samskipti, kurteisi og frásagnir.

Rauðaborg – valstund og endurmat, málfundir, spil, samverustundir, læsisverkefni, Sögugrunnur, tákn með tali.

Hlustunarskilningur – heyrnær úrvinnsla, þ.e. úrvinnsla á því sem við heyrum og geta endurtekið.

Rauðaborg – vísur og þulur, samverustundir, læsisverkefni, spjaldtölvur, málfundir, Markviss málörvun

Hljóðkerfisvitund - taktur, rím, samstöfur

Rauðaborg – Markviss málörvun, vísur og þulur, samverustundir, Lubbi

Málskilningur – skilningur á töluðu máli, hlustun, hljóðræn úrvinnsla.

Rauðaborg – samverustundir, læsisverkefni, spil, tákn með tali.

Hljóðavitund – hljóð bókstafa

Rauðaborg – Markviss málörvun, spil, Lubbi

Orðaforði - orðabanki og tengingar.

Rauðaborg – samverustundir, Markviss málörvun, læsisverkefni, vísur og þulur, útinám.

Lesfimi – færni í umskráningu, orðaforði, hljóðavitund, lesátt.

Rauðaborg - Sögugrunnur, samverustundir, Markviss málörvun.

Ritun – byggir á öllum þáttum tungumálsins þar sem ritun er t.d. umskráning, stafsetning og miðlun.

Rauðaborg – ritmál, Sögugrunnur, valstund og endurmat.

Börn með sérstakar þarfir á sviði tals, máls og samskipta

Börn með málþroskaröskun eru í samverustundum 2x í viku í litlum hópum (3-4 börn). Þar er lögð áhersla á framburðaræfingar, hlustun, einbeitingu og tjáningu. Lesnar eru léttar bækur, mikil áhersla er á að börnin skilji efni sögunnar með endurtekningum og spurningum úr sögunni. Spil eru t.d. samstæðuspil þar sem lögð er áhersla á að börnin segi hvað er á spjöldunum, tali í heilum setningum, börnin æfi sig í að spyrja og svara spurningum.



Spjaldtölvur eru einnig notaðar í málörvunarleikjum s.s. *Orðagull og Lærum og leikum með hljóðin*. Börn af erlendum uppruna fá sams konar samverustundir þar sem lögð er áhersla á að efla þau í íslensku.

Að auki fer málörvun þessara barna fram í öllu daglegu starfi þar sem lögð er áhersla á gott málumhverfi, endurtekningar, orð lögð á athafnir og virka hlustun.

Málfundir og Stig af stigi

Elstu börnin í Rauðaborg fara öll saman á málfundi einu sinni í viku, u.þ.b. 20 mínútur í senn, með hópstjóra, sem stýrir fundinum í hvert sinn. Upphaf málfundanna má rekja til þess að við vildum gera börnin örugg í framkomu, t.d. í heimsóknnum í grunnskólann og á söfn. Á málfundum fá allir að tjá sig og segja það sem þeim býr í brjósti. Þannig eflast börnin í að koma fram fyrir aðra. Börnin finna að þau geta haft áhrif á umhverfi sitt hugmyndum sínum. Rætt er um allt milli himins og jarðar.



Að hausti er umræðuefnið tilfinningar, líðan í leikskólanum og vináttan. Farið er yfir reglur Rauðaborgar og þegar líður á haustið er kennsluefnið *Stig af stigi* lagt fyrir á málfundunum.

Síðustu málfundir vorsins eru svo notaðir til að ræða um grunnskólagönguna sem er framundan, svo sem sjálfsbjörg og líðan við upphaf skólagöngu. Jafnframt er rifjað upp hvað þau hafa lært í leikskólanum.

Stór Lubbi (tuskudýr) er staðsettur upp á hillu í sameiginlegu rými þar sem hann fylgist með börnunum. Foreldrum er velkomid að taka Lubba niður og leyfa börnunum aðeins að heilsa upp á hann. Inn á öllum deildum er lítill Lubbi sem börnin geta spjallað við og knúsað. Hann er síðan með í öllum Lubbastundum.

Öll börn á Rauðaborg fara í Lubbastundir. Þær eru tvisvar í viku með tveimur elstu árgöngunum, en einu sinni í viku með hinum. Við byrjuðum á því að leggja inn 2 máhljóð í mánuði en núna er eitt máhljóð lagt inn í hverri viku. Við gerum tákni fyrir hvert máhljóð og syngjum lög tengdum þeim (sett inn í söngstund mánaðarins). Tveir elstu árgangarnir heyra einnig stutta sögu um Lubba þar sem hann er að ferðast um Ísland. Einnig eru unnin margskonar verkefni tengd sögunni, má þar nefna sem dæmi að finna orð sem byrja á máhljóðinu, finna staðinn á Íslandskortinu sem Lubbi hefur farið á og margskonar leikur að orðum.



Með yngri börnunum er lögð aðaláhersla á málhljóðin, þar sem þau læra tákinn, lögin og leika með hljóðin á margan hátt.

Reynsla höfunda Lubbaefnisins og þeirra sem hafa notað námsefnið bendir til að hljóðanám í þrívídd gefi börnum færi á skapandi og lifandi leið til að tileinka sér íslensku málhljóðin, ýti undir skýrari framburð, hljóðvitund eykst og að þetta efni sé vel til þess fallið að vinna með grunnfærni í lestri og ritun. Í Lubbaefninu eru málhljóðin tekin í þeirri röð sem börn tileinka sér í máltökunni.

Markviss málörvun

Á hverju hausti leggjum við fyrir hljóðgreiningarverkefnið *HLJÓM-2* fyrir börn á síðasta ári í leikskólanum. *HLJÓM-2* er skimun í hljóðkerfisvitund eftir Ingibjörgu Símonardóttur, Jóhönnu Einarsdóttur og Amalíu Björnsdóttur. Það tekur á ýmsum þáttum er varða hljóð og málvitund leikskólabarna, s.s. Rími, samstöfun, hljóðgreiningu, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Réttindi til að leggja *HLJÓM-2* fyrir hafa 4 kennarar í Rauðaborg og hafa þeir skipt á milli sín elsta barnahópnum.

Þegar niðurstöður *Hljóm-2* liggja fyrir, skiptum við börnunum upp í smáa hópa, tvo til þrjá eftir niðurstöðunum. Hóparnir eru getuskiptir til þess að hvert barn fái örugglega verkefni við hæfi. Við notum verkefni sem Guðrún Bjarnadóttir vann upp úr bókinni *Markvissri málörvun* þegar við vorum undir hennar handleiðslu hér á árum áður. Verkefnin eru unnin í hverjum hóp tvisvar í viku í u.þ.b. 15-20 mínútur í hvert sinn.



Á vorönn eru börnin prófuð aftur í *HLJÓM-2*, sami prófandi leggur fyrir sömu börnin og um haustið. Niðurstöður fylgja börnunum svo í grunnskólann. Undantekningalítið verða framfarir í heildarniðurstöðum úr *Hljóm-2*. Börnin sem komu út með slaka færni að hausti hafa yfirleitt bætt sig umtalsvert og eru öruggari með sig í þessum þáttum.

Við ákváðum í upphafi að öll elstu börnin í Rauðaborg færu í markvissa málörvun, óháð útkomu úr *HLJÓM-2* að hausti. Þau börn sem koma best út að hausti fá þar af leiðandi erfiðari og meira krefjandi verkefni heldur en þau börn sem koma út með slakari færni og þurfa lengri tíma og fleiri endurtekningar.

Samhliða fyrirlagningu á *HLJÓM-2* er stafakunnátta barnanna könnuð og eykst stafabekkingin og áhuginn á bókstöfum hjá þeim yfir veturinn

Ritmál

Börnin í Rauðaborg hafa greiðan aðgang að ýmis konar ritmáli í umhverfinu. Hólf barnanna eru merkt með nöfnunum þeirra, þau hafa greiðan aðgang að bókum og margskonar efniviður er í boði eins og stafakubbar og stafapúsl.



Börnin eru hvött til að merkja myndirnar sínar með nöfnunum sínum. Alltaf er í boði að nota blöð og liti til að teikna, lita og skrifa. Bókstafir og stafaspjöld hanga uppi og leiksvæði eru merkt með nöfnum og tölustöfum. Stór stafadúkur nýtist bæði úti og inni og er notaður til að þjálfar börnin í að finna fyrsta stafinn í orðum, stafa nafnið sitt o.fl. Á kubbasvæðum er aðgangur að ritföngum þar sem börnin geta merkt hluti og kennarar merkja fyrir þau sem það vilja. Notaður er fjölbreyttur efniviður til að búa til stafi og orð, má þar nefna leir, tölur og margs konar kubba.



Í gönguferðum eru skiltum, bílnúmerum og fleirum merkingum veitt athygli. Eftir vettvangsferðir er ferðin rifjuð upp með börnunum og hún skráð niður. Börnin skrá niður upplifun sína með því að teikna myndir eftir vettvangsferðina.

Samverustundir - læsisverkefni

Samverustundir eru á hverjum degi. Þær eru aldursskiptar og eru 25 mínútur í hvert skipti. Í samverustundum er lögð áhersla á málörvun og lestur sem hentar hverjum aldurshópi. Málörvunin er t.d. í formi samtala við börnin, kenndir eru söngtextar og þulur, farið í alls konar málörvunarleiki, svo sem rím, klappa í atkvæði, geta gátur og segja brandara. Einnig eru lesnar bækur sem hæfa aldri og þroska barnanna. Með lestrinum æfum við hlustun, tölum um efni sögunnar, skoðum myndirnar og rifjum upp.



Einu sinni í viku er samverustundin notuð í læsisverkefni. Markmiðið með verkefninu er að efla alla námsþætti og sérstaklega þá sem og snúa að almennum lesskilningi, orðaforða og auka umræður um tiltekin mál, s.s tilfinningar og vináttu.



Lesnar eru sögur sem henta hverjum aldurshópi og sem dæmi um sögur má nefna, *Dýrin í Hálsaskógi* (fyrir tvo elstu árgangana), *Snuðra og Tuðra verða vinir* (fyrir 3 og 4 ára börnin) og *Geiturnar þrjár* (fyrir yngstu börnin). Efni sögunnar eru gerð góð skil og skapaðar umræður um innihald hennar. Orð og hugtök eru útskýrð og reynt er að tengja efnið reynsluheimi barnanna.

Sögugrunnur

Markmið námsefnisins Sögugrunnur eftir Guðrúnu Sigursteinsdóttur og Rannveigu Oddsdóttur er að efla málþroska og frásagnarhæfni barna og vekja áhuga þeirra á ritmáli og tengslum tal- og ritmáls. Námsækið var hannað með elstu leikskólabörnin í huga en hentar vel börnum frá tveggja ára og upp úr.

Frásagnir eru meginviðfangsefni *Sögugrunnsins*. Hægt er að vinna með frásagnir og sögugerð á margvíslegan hátt í ræðu og riti. Auk sögugerðarinnar er hægt að nýta efnivið *Sögugrunnsins* til stafa – og lestrarkennslu, hljóðgreiningar - , ritunar – og stafsetningaræfinga.

Myndaspjöldin eru 116 talsins og skiptast í sex flokka:

- Byggingar: 15 myndir
- Dýr: 19 myndir
- Farartæki: 11 myndir
- Hlutir og leikföng: 24 myndir
- Persónur: 29 myndir
- Umhverfi og veður: 18 myndir
- Bókstafir

Sögugrunnur er notaður í Rauðaborg fyrir öll börn 3 ára og eldri. Þau eru í aldurskiptum hópum og fara reglulega yfir veturinn í 30 – 60 mínútur í senn, fer eftir aldri barna og stærð hópa. Börnin skiptast á að velja myndir úr kössunum, raða þeim upp á töflu og segja sögu frá eigin brjósti út frá myndunum. Þau yngstu velja eina til tvær myndir en þau elstu velja úr öllum kössunum. Smám saman verða sögurnar flóknari hjá börnunum og þau elstu eru farin að segja sögur í tímaröð, með upphafi, miðju og endi á meðan þau yngstu eru að æfa sig í að segja hvað er á myndunum og tengja saman tvær myndir.



Samverustundamappan

Þessi mappa hefur verið notuð í fjöldamörg ár. Hún er unnin af deildarstjórum og er hún í stöðugri vinnslu. Hún felur í sér margs konar málörvunar og málvitundarverkefni s.s sögur og örsögur, leikir, vísur og þulur, rímleiki, runur og nafnakall. Efnisyfirlit möppunnar eru í fylgiskjali 1

Spjaldtölvur

Spjaldtölvur eru notaðar sem viðbót við málörvun og nýttar í sérkennslu með þeim börnum sem eiga í málörðugleikum. Ýmsir leikir eru í boði, en alltaf í umsjá kennara og passað er að leikirnir henti þeim hópi sem um ræðir. „Orðagull“ og „Lærum og leikum með hljóðin“ eru t.d. forrit sem við notum með börnunum á margs konar hátt til að auka orðaforða, æfa framburð og fleira. Börnin læra einnig að hlusta á fyrirmæli og þjálfa þannig heyrnræna úrvinnslu.



Tákn með tali


Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaaðferð sem notuð er með einstaklingum með mál- og talörðugleika. TMT eru einföld hreyfitákn sem eru notuð til stuðnings töluðu máli. TMT nýtist vel börnum í máltöku, börnum af erlendum uppruna og börnum sem heyra innan eðlilegra marka en ná ekki að tileinka sér skilning á máli og/eða talmál á hefðbundinn hátt vegna frávika í þroska eða fötlunar.

Frá haustinu 2015 höfum við unnið með TMT í Rauðaborg. Byrjað var á að leggja inn nokkur tákn á viku yfir allan veturinn, 2-3 í einu og foreldrar fengu myndir af táknum send heim jöfnum höndum. Á hverri deild voru táknin hengd upp til að gera þau sýnileg öllum og unnið var í því að leggja inn tákn sem nýttust í daglegu starfi í leikskólanum.



Með þessu móti voru tákn kennd jafnt og þétt yfir veturinn. Eftir innlögn tákna voru þau hengd upp þar sem auðvelt er að grípa til þeirra og nota þar sem við á. Þá voru t.d. tákn sem eiga við samverustundir hengdar upp þar sem þær fara fram, það sem á við um matartímana hangir við öll matarborð o.s.frv. Við syngjum einnig a.m.k. einn söng með táknum í hverjum mánuði.


Haustið 2017 var farið að vinna í að öll börn og starfsmenn fengju nafnatákn og í janúar 2018 kláraðist sú vinna.



Allir fengu tákn sem okkur fannst hæfa best og tókum við mið af útliti, persónueinkennum og áhugamálum við valið á nafnatáknunum. Foreldrar fengu myndir af tákni barnsins sent heim með upplýsingum um hvað það táknaði hvers vegna táknið var valið. Einnig settum við myndir af táknum barnanna á hólfi þeirra í fataklefanum. Nú er talsvert unnið með að fara yfir hvaða nafnatákn börnin eiga til að festa táknið í sessi. Má nefna að þegar afmælissöngurinn hljómar þá er hann sunginn með táknum og nafnatákn notuð.

Útinám

Útivera og gönguferðir um nánasta umhverfi leikskólans og lengri ferðir ýta undir umhverfislæsi hjá börnunum. Í þessum ferðum skapast miklar umræður, myndir eru teknar til upprifjunar og úrvinnslu seinna. Þannig læra börnin ný hugtök, sjóndeildarhringur þeirra víkkar og þau geta nýtt sér þessa þekkingu síðar á lífsleiðinni.



Samningur var gerður við Umhverfis- og skipulagssvið og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um vettvang til útináms í nálægð við Rauðaborg 2014. (15 mínútna gangur)

Markmið samningsins er:

- ✓ að skapa vettvang fyrir umhverfismennt og útinám í nærumhverfi skóla,
- ✓ að efla tengsl borgarbúa við nærumhverfi sitt með styðja við grenndarsamfélag og hverfisvitund.
- ✓ að styrkja umhverfisvitund borgarbúa og bæta umgengni þeirra við græn svæði borgarinnar.

Árlega fara börn og starfsfólk á svæðið, sem við nefnum Lundinn okkar, og gróðursetjum þar tré. Farið er reglulega á hverri árstíð í Lundinn og fylgst með og hlúð að trjánum. Fylgiskjal 2

Valstund og endurmat

Börnin koma saman með hópstjóra í 5-10 barna aldurskiptum hópum frá 3 ára aldri og velja það sem þeim langar að gera og hvaða svæði þau vilja leika sér á í leikstund. Gætt er að því að hvert barn fái góðan tíma til að ákveða sig og eru börnin styrkt í því að fylgja eftir sinni ákvörðun. Kennarinn ræðir við börnin um hvað er í boði hverju sinni og þau velja það sem þau langar til að leika sér og það er skráð niður. Í endurmatinu eftir leikstundina, hittist hópurinn aftur með hópstjóra og farið er yfir hvað gert var í leikstundinni. Hvert barn segir frá hvað það gerði, með hverjum það lék sér og á hvaða leiksvæði leikurinn fór fram. Með upprifjuninni æfast börnin í að tjá sig fyrir framan hóp, rifja upp og segja frá.



Spil

Í Rauðaborg eru spil mikið notuð alla daga. Starfsfólkið spilar við börnin í hópastarfi og leikstundum. Eldri börnin spila oft hvert við annað. Með því að spila tileinka börn sér t.d. það að skiptast á, bíða eftir að röðin komi að þeim, einbeiting eykst, þau læra reglur auk þess eykst færni í flestum námsþáttum, s.s. stærðfræði, flokkun, orðaforða o.fl.



Við flokkum spilin í Rauðaborg á eftirfarandi hátt:

- | | |
|------------------|------------------|
| - Orðaforði | - Heyrnarminni |
| - Litir | - Hugtök og form |
| - Setningamyndun | - Stærðfræði |
| - Flokka og raða | - Minni |

Flokkun á spilunum okkar

Orðaforði	Heyrnarminni	Hugtök og form
76. Familiar Verbs 111. Samstæðuspil – ungviði 82. Myndalottó Bínu 123. Krakka sprengjuspilið 28. Segðu sögu 102. Samstæðuspil – matur 53. Housing projects – lotto 86. Hvað er í ísskápnum 4. Hlutirnir í húsinu mínu 27. Er ég banani? 112. Samstæðuspil – dýr 61. Memory 18. Árstíðalottó 14. Hver notar hvað? 103. Myndalottó – föt 77. Every day objects 98. Orðaspjöld – nafnorð 89. Hver er ég? Jeepers peepers 48. What is it? 41. Fyrsti orðaleikurinn minn 110. Junior Alias 37. Sequence fyrir börn 3. Húsið 108. Lottó – dýramyndir 104. Myndalottó – andstæður 107. Processing program - Málörvunarbók 91. Sögutengingar 114. Tvenna 119. Ávaxtasamstæðuspil 44. Irregular plurals – Óregluleg sagnorð 87. Búðarleikur 59. Spil í tösku 78. What's Different? 122. Stafastuð 43. Líkamspartar 35. Minnisleikur (Mein erstes memory) 20. Dýralotto 52. Fyrir og eftir (trékassi)	74. Picture Sound Lotto 82. Myndalottó Bínu 31. Íslenska fuglaspilið 107. Processing program - Málörvunarbók 120. Samstæðuhristur 56. Auditory Memory for Short Stories 59. Spil í Tösku 46. Look Hear! – Hljóðaspil 49. Listening Skills Sequencing Sounds 50. Listening Skills Outdoor Sounds Litir 36. Allir í hringinn 1. Sniglaspilið 38. Figurix 19. Colorama 96. Skjaldbökuspilið 12. Regndroparnir 5. Krummaspilið 33. Nammispilið 66. Lúdó – Bangsímon 11. Blöðruspilið 45. 4 fyrstu spilin 10. Símaskífan (Lottó) 37. Sequence fyrir börn 8. Quips (Kvipps) 42. Flocards segulspilið 54. Puzzle set – litir (trékassi)	39. Positions 105. Sorry circles – skynjun 57. Andstæður 70. Prepositions Color Cards 104. Myndalotto – andstæður 107. Processing program - Málörvunarbók 78. What's Different? 42. Flocards segulspilið 19. Colorama 38. Figurix Flokka og raða 6. Svarti Pétur 2. Mix Max 15. Músaspilið 100. Snertispil með dýrum

Setningamyndun	Stærðfræði	Minni
76. Familiar Verbs (Color cards)	30. Slönguspilið	26. Reimleikahúsið
82. Myndalottó Bínu	96. Skjaldbökuspilið	111. Samstæðuspil – ungviði
28. Segðu sögu	2. Mix Max	105. Sensory circles – skynjun
53. Housing projects – lotto	95. Catch and count game	102. Samstæðuspil – matur
86. Hvað er í ísskápnum	72. Building spatial	53. Housing projects
4. Hlutirnir í húsinu mínu	7. Epla-spilið	83. Memory Ísland
27. Er ég banani?	47. 1,2,3, ...Lærum að telja	112. Samstæðuspil – dýr
18. Árstíðalottó	66. Lúdó – Bangsímon	61. Memory
14. Hver notar hvað?	73. Númi og höfuðin sjö	17. Minnisleikur
77. Every day objects	88. Umhverfisspil	100. Snertispil með dýrum
70. Prepositions Color Cards	97. Fiskaveiðileikur	108. Lottó – dýramyndir
98. Orðaspjöld – nafnorð	109. Fuglahræðuspil	29. Tvennur
89. Hver er ég – Jeepers peepers	3. Húsið	114. Tvenna
41. Fyrsti orðaleikurinn minn	40. Byrjað að telja	119. Ávaxtasamstæðuspil
110. Junior Alias	117. Álfheimaspilið	87. Búðarleikur
118. Spil fyrir bókaorma	118. Spil fyrir bókaorma	13. Minnisleikur fyrir börn
107. Processing program - Málörvunarbók	115. Uno	51. Giant First Lotto
91. Söguteningar	116. Sorpuspilið	35. Mein erstes Memory
60. Einföld atburðarrás	42. Floccards segulspilið	
93. Allt um þig, allt um mig		
92. Ef.....þá		
90. Góð umhverfishegðun		
122. Stafastuð.		
52. Fyrir og eftir (<i>trékassi</i>)		
127. Sequencing - seasons		



Niðurstöður

Í Rauðaborg hefur verið unnið markvisst með málörvun og hljóðkerfisvitund frá stofnun leikskólans.

Það má segja að hvatning frá ráðgjöfum Miðju máls og læsis hafi verið fjársjóður fyrir okkur. Þeir hvöttu okkur til að taka saman öll þau gögn og verkefni sem við höfum verið að vinna með í áranna rás og fest hafa sig sessi í daglegu starfi.

Þegar öllum gögnum er safnað saman sér maður þau ógrynni af námsgögnum sem við nýtum til málörvunar og málvitundar í þágu barnanna.

Nú hafa öll spil leikskólans verið flokkuð og starfsfólki þar með gert auðveldara með finna þau spil sem taka á þeim málþáttum sem vinna þarf með hverju sinni.

Öll börn leikskólans fá að njóta þessa námsefnis í samræmi við aldur og þroska.

Með því að skima elstu börnin að hausti með *Hljóm-2* og vinna með þeim í markvissri málörvun með verkefnum við hæfi hvers og eins, kemur í ljós að mikill árangur hefur átt sér stað þegar þau eru skimuð aftur að vori. Undantekningalaust hækka börnin sig í stigum og mörg börn verða læs án þess að verið sé að kenna þeim beint að lesa.

Árangur af læsisverkefninu kemur fram í auknum áhuga barnanna á því sem lesið er fyrir þau. Þau samsama sig persónum sögunnar og vilja fá útskýringar á orðum og hugtökum. Niðurstöður frá m.a. *Sögugrunni* og málfundum eru að börnin verða öruggari í að koma fram og tjá sig.

Lokaorð

Vinnan við handbókina er búin að vera áhugaverð og skemmtileg. Upplýsingar um öll þau gögn sem við höfum unnið með í gegnum tíðina eru nú komin á einn stað. Útkoman er góð handbók sem kemur til með að nýtast vel í áframhaldandi starfi innan Rauðaborgar og vonandi geta fleiri nýtt sér hana í málörvunarstarfi með börnum í leikskólum.

Við þökkum Ingibjörgu E. Jónsdóttur og Þóru Sæunni Úlfsdóttur hjá Miðju máls og læsis fyrir að koma okkur af stað og vera hvetjandi í þessari vinnu.

Þessi handbók verður kynnt starfsfólki Rauðaborgar og nýtt sem vinnuplagg í framtíðinni og enn fremur verður hún kynnt fyrir foreldrum.

Handbókin verður aðgengileg á heimasíðu leikskólans og öllum er frjálst að nýta sér hana.

Rauðaborg, mars 2019

Ásta Birna Stefánsdóttir
Hulda Björk Valgarðsdóttir
Margrét Gunnarsdóttir
Unnur Hermannsdóttir

Fylgiskjal 1 – Samverustundamappa - efnisyfirlit

Sögur / örsögur

- Hjónin (segja sögu og teikna)
- Afmælisgjöfin (segja sögu og teikna)
- Þrjár skrítnar kerlingar
- Fóa og Fóa feykiróa
- Frídólin klöguskjóða
- Hann fékk stundum fullt af dóti
- Þegar það var rigning
- Hann vissi of mikið
- Alli Nalli
- Labbi pabbakútur
- Vekjaraklukkan góða
- Gott ráð - saga
- Sagan af fíflinum (erl. þjóðsaga)

Leikir

- 1C Hve oft?
- 1D Baulaðu nú, Búkolla mín
- 1E Grámann, hundurinn og beinið
- 1L Flöskustútur
- 1M Leynihluturinn
- 1J Hvísleikur
- 1O Kisa segir mjá
- 1I Rugludallar
- 1K Búðarleikur
- Ein ég sit og sauma
- Fílaleiðangur
- Fram, fram fylking
- Hlusta á hljóð
- Hver er undir teppinu
- Hver stal kökunni úr krúsinni?
- Hverju líkist þú mest?
- Inn og út um gluggann
- Í grænni lautu
- Keisarinn í Kína
- Kimsleikur (minnisleikur)
- Láta skilaboð ganga
- Pabbi, mamma og börnin
- Pétur dansar
- Við klöppum öll í einu
- Vindum, vindum vefjum band
- Þrautakóngur
- Þrautir fyrir elstu börnin
- Ýmsar spurningar

Vísur og þulur

- Ýmsar vísur og þulur

Rím og þulur

- 2D Klappvélín
- 2E Rím og hreyfing
- 2J Póstleikur I
- 2K Inngangsorðið
- 2L Legg í lófa karls, karls
- 2M Fagur fiskur í sjó
- 2S Skip mitt er komið að landi
- 2V Setningarím með bolta
- 2X Setningarím með hlutum

Nafnakall

- Dansað á pallinum
- Datt í kolakassann
- Nú skulum við segja hvað við heitum
- Pollí, vollí
- Hvað heitir þú? Ég heiti...
- Hæ góðan dag
- Nafnaleikur
- Upplýsingaleikur

Málörvun

- 5J Skip mitt er komið að landi I
- 5L Minnisleikur
- 5R Skrítnar sögur
- 5T Hvað er í pokanum?
- 5U Ferð í hljóðakletta
- 5Z Óskaleikurinn II
- 5P Orðaleikur
- 6M Hljóðbolti
- 6O Gjafaleikur
- 6P Hvísleikur
- 6R Skip mitt er komið að landi II
- 6S Köngulóarvefurinn III
- Ýmis verkefni
hljóðgreining
samsett orð / orðhlutaeyðing
setningar

Fylgiskjal 2 - Lundurinn okkar



Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Mennta og menningarmálaráðuneytið
- Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal 1998. Tákn með tali orðabók. Námsgagnastofnun.
- Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir 2009 Lubbi finnur málbein. Mál og menning / forlagið ehf.
- Guðrún Bjarnadóttir 2002. Samstarfsverkefni leikskóla og grunnskóla – Markviss málörvun, samskipti og skólabyrjun. Þróunarverkefni Heiðarborgar, Rauðaborgar og Selásskóla 1997 – 2001.
- Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir 2009. Sögugrunnur – námstæki til sögugerðar.
- Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 1 útgáfa 1988 og 2 útgáfa 1999. Markviss málörvun – þjálfun hljóðkerfisvitundar. Námsgagnastofnun.
- Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir 2002. Hljóm -2 – Athugun á hljóð-og málvitund leikskólabarna. Menntamálastofnun.
- Kathy Beland, þýtt af Þóri Jónssyni 2002, Stig af stigi. Reynir - ráðgjafastofa KMM ehf.
- Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar 2013. Lesið í leik – læsistefna leikskóla.